



HÉRAÐSDÓMUR  
REYKJAVÍKUR

ÚRSKURÐUR

9. apríl 2010

Mál nr. G-327/2010:  
Krafa Bráðabirgðastjórnar VBS fjárfestingarbanka hf.  
um að félagið verði tekið til slitameðferðar

Dómari: Jón Finnbjörnsson héraðsdómari

# ÚRSKURÐUR

**Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 7. apríl 2010 í máli nr. G-327/2010:**

**Krafa bráðabirgðastjórnar VBS fjárfestingarbanka  
um að félagið verði tekið til slitameðferðar.**

Bráðabirgðastjórn VBS fjárfestingarbanka hf., hefur krafist þess með bréfi sem barst dóminum 6. apríl sl., að VBS fjárfestingarbanki hf., kt. 621096-3039, með starfsstöð að Borgartúni 26, Reykjavík, verði tekinn til slitameðferðar.

Í beiðni segir að hinn 3. mars sl. hafi Fjármálaeftirlitið skipað þriggja manna bráðabirgðastjórn hjá VBS fjárfestingarbanka hf., samkvæmt 100. gr. a. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Í samráði við stærstu kröfuhafa bankans hafi bráðabirgðastjórn fyrirtækisins, falið Ernest & Young hf. gerð fjárhagslegar úttektar á VBS fjárfestingarbanka hf. Jafnframt hafi verið gerðar ráðstafanir til að tryggja að vinnu við gerð ársreiknings fyrir árið 2009 yrði haldið áfram enda sé ársreikningi ætlað að gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fjármálafyrirtækis.

Í byrjun ágúst 2009 hafi skýrslu verið skilað um fjárhagslega könnun á tilteknum þáttum í efnahagsreikningi og starfsemi VBS. Þá þegar hafi legið fyrir að bankinn uppfyllti ekki eiginfjárkröfur eða lausafjárkröfur sem gerðar séu til fjármálafyrirtækja, sbr. X. kafla laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Ekki liggja enn fyrir skýrsla Ernest & Young hf., eða endurskoðaður ársreikningur bankans fyrir árið 2009. Bráðabirgðastjórn telji þó liggja fyrir að fjárhagsstaða bankans sé þess eðlis að ekki þurfi að bíða endurskoðunar ársins 2009 né fyrrgreindar skýrslu Ernest & Young hf. til að skylt sé að leggja fram kröfu þessa um slit fyrirtækisins.

Ljóst er af framlögðum gögnum að VBS fjárfestingarbanki hf. er ekki fær um að standa í fullum skilum við lánardrottna sína og að ekki er von til þess að það breytist í fyrirsjáanlegri framtíð. Ber því samkvæmt 101. gr. laga nr. 161/2002 að taka félagið til slitameðferðar.

## Ú r s k u r ð a r o r ð

VBS fjárfestingarbanki hf., kt. 621096-3039, er tekinn til slitameðferðar.

Jón Finnbjörnsson

Samkvæmt 4. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 44/2009, eru hæstaréttarlögmennirnir Hróbjartur Jónatansson og Þórey S. Þórðardóttir, og Friðbjörn Björnsson, löggiltur endurskoðandi, skipuð til starfa í slitastjórn VBS fjárfestingabanka hf.

Dómþingi slitið.  
Jón Finnbjörnsson

Vottur:  
Hulda Júlía Sigurðardóttir.

-----  
Rétt endurrit staðfestir:  
Héraðsdómi Reykjavíkur, 9. apríl 2010.

